

Alþingi - nefndasvið

Efni:

***Umsögn Mannréttindaskrifstofu  
Reykjavíkurborgar á frumvarpi til laga um  
mannanöfn, 149. löggjafarþing 2018-2019,  
þingskjal 9 — 9. mál.***

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar fagnar frumvarpi að nýjum lögum um mannanöfn. Ef frumvarpið verður að lögum þá veitir það einstaklingum frelsi til að kjósa sér það nafn sem fellur að þeirra sjálfsmynd. Þessi breyting mun sérstaklega stuðla að bættri stöðu trans fólks sem mun þá eiga þess kost að taka sér nafn samkvæmt eigin kynvitund. Lögin myndu því hafa jákvæð áhrif á líf margra sem nú búa við strangar skordur núgildandi laga um mannanöfn.

Athugasemdir við einstakar greinar:

**1. grein.**

Þar stendur í fjórðu málsgrein: Heimilt er að ófeðrað barn sé kennt til afa síns eða ömmu.

Lagt er til að þarna sé sleppt orðinu ófeðrað og þar standi: Heimilt er að kenna barn til afa síns eða ömmu.

Rök: Það er ekki í anda frumvarpsins sem leggur áherslu á frelsi til nafngifta að takmarka þennan möguleika við ófeðruð börn. Jafnframt má velta því fyrir sér hvemig þetta sé þá með „ómæðruð“ börn en einstaklingur með kynvitund karlmanns en æxlunarfæri konu getur eignast barn.

**4. grein.**

Þar segir í annarri málsgrein: Nafnbreyting ólögráða einstaklings er háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir standi þeir báðir að beiðni um nafnbreytinguna.

Lagt er til að þarna standi. Nafnbreyting einstaklings yngri en 15 ára er háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir standi þeir báðir að beiðni um nafnbreytinguna.

Rök: Einstaklingar sem eru orðnir 15 ára eru sakhæfir og þeir geta verið formlegir aðilar máls í barnaverndarmálum. Á þessum aldri ættu því einstaklingar að vera færir um að taka ákvörðun um nafnbreytingu og það getur skipt trans einstaklinga, á þessu aldursbili 15 til 18 ára, miklu máli að nafnaskipti séu ekki stoppuð af forsjáraðila.

Anna Kristinsdóttir

mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar